168. Mjög ánægð með starfsfólk og viðbótar vistunartími á morgnana hjálpar helling.
169. Mjög ánægð með að boðið skuli upp á sumarfrístund. Gott starfsfólk sem reynir að gera sitt besta sýnist mér.
170. Mjög ánægð með allt.
171. Mjög ánægð með þemavikurnar og fjölbreytnina í starfinu.
172. Mjög fjölbreytt og gott starf.
173. Mjög gott að hafa þetta nálægt heimilinu. barnið er öruggt í því umhverfi sem það fer í og starfsfólkið er frábært. Barninu leið greinilega vel og var mjög ánægður með þetta.
174. Mjög gott og skipulagt starf í heild sinni. Sniðugt að vera með þema í hverri viku, þá verður barnið ekki leitt á starfinu ef það þarf að sækja sumarfrístund.
175. Meira en 1-2 vikur.
176. Mörg og fjölbreytt námskeið allt sumarið.
177. Nálægð við heimili, umhverfi sem barnið þekkir.
178. Nálægt heimili og barnið þekkir flest hinna barnanna.
179. Öll þessi skipulagða dagskrá.
180. Rútna, sama starfsfólk, gott aðgengi að starfsfólki, fjölbreytni o.fl.
181. Sama starfsfólk og í heilsdagsskóla og sama staðsetning. Fjölbreytt dagskrá.
182. Sama starfsfólk, sama húsnæði, mikið til sömu félagar. Fjölbreytni í starfi.

183. Sama starfsfólk, sami staður og hann er á veturna. Þemavinnan, eitt þema í hverri viku.
184. Sama starfsfólk. Skemmtilegt að hafa mismunandi þemu í viku hverri.
185. Sami staður og sama frábæra starfsfólkið sem barnið þekkir.
186. Skemmtileg afþreying í boði. Góð tímasetning, gott verð.
187. Skemmtileg dagskrá og sérlega skemmtilegir krakkar að vinna í Hvergilandi í sumar. Dóttir mín er að minnsta kosti mjög ánægð og það er það sem mér finnst mest virði.
188. Skemmtileg og fjölbreytileg dagskrá, glaðlegt og skemmtilegt starfsfólk.
189. Skemmtileg viðfangsefni, sama starfsfólkið og í hverfinu.
190. Skemmtilegt hvað þetta var fjölbreytt og mikið virtist vera lagt í starfið, ég fékk það ekki á tilfinninguna að barnið væri í geymslu heldur með skemmtileg verkefni allan daginn.
191. Skipulagið er gott og barnið kemur alltaf ánægt heim. Finnst líka gott hvað boðið er upp á mikið fjölbreytni viku eftir viku.
192. Sniðugt að hafa ákveðið þema í hverri viku það vekur áhuga á börnunum og gefur færi á fjölbreytilegum viðfangsefnum. Barninu líður líka vel að vera með sama starfsfólkinu og sömu krökkum sem það treystir og þekkir.
193. Starfið er mjög fjölbreytt og dagskráin skemmtileg.
194. Starfið í Siglunesi.
195. Starfsfólk.
196. Starfsfólk.
197. Starfsfólk Kastala er frábært og stjórnun er góð og hugsað er vel um börnin.
198. Starfsfólk með þægilegt og gott viðmót að vinna í Klapparholti.
199. Starfsfólk til fyrirmyndar og tillitsamt við barnið mitt.
200. Starfsfólk, og að hann skuli vera í sama umhverfi og hann þekkir.. þótt svo að maður verður að taka tillit til þess að hann verði ekki þreyttur á þessu.
201. Umhverfi þar sem hann er þarna á veturna líka.
202. Starfsfólkið.
203. Starfsfólkið.
204. Starfsfólkið er frábært í alla staði í Hvergilandi.
205. Starfsfólkið er frábært. Starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Barninu líður vel og þá líður mér vel :)
206. Starfsfólkið fyrst og fremst.
207. Starfsfólkið í Brosbæ er frábært.
208. Starfsfólkið í Selinu.
209. Starfsfólkið í Vesturhlíð!!!
210. Starfsfólkið mjög gott. Og barnið er mjög ánægt.
211. Starfsfólkið og aðstaðan, starfið.
212. Starfsfólkið og vinnugleði þess.
213. Starfsfólkið, stuðningsfulltrúarnir, viðfangsefnin, hvað frístundaheimilið er virkt í að gera skemmtilega hluti með krökkunum.
214. Stelpan nýtur sín og það segir ýmislegt. Útiveran er líka góð og allar vettvangsferðirnar.
215. Stöðugleiki fyrir barnið að komast í frístund á sama stað með sama starfsfólkið.
216. Sumarfrístundin var mjög góð.
217. Sumarstarf frístundaheimila.
218. Það að boðið var upp á að barnið gæti sótt sundnámskeið á meðan á námskeiðinu stóð og að barnið fékk fylgd til og frá sundstað. Ferðir innanbæjar, t.d. í Árbæjarsafnið og um miðbæinn. "Leikhúsferðir".
219. Það er bara vel að málum staðið með sumarnámskeiðið í Vesturhlíð þau senda okkur smá bækling heim með því helsta á vorin fyrir sumarið og svo eru þau dugleg að taka myndir og við t.d. notum þær mjög mikið.
220. Það er mikið að gera fyrir börnin...mikil fjölbreytni...spennandi...margt í boði.
221. Það er svo mikið að gera, aldrei gert það sama aftur og aftur.
222. Það þekkja allir barnið og ég hef góð tengsl við starfsfólk námskeiðsins. Viðveru/ÍTR.
223. Það vantar að bjóða upp á hálf dags vistun.
224. Þetta hefir gert það að verkum fyrir dóttur mína sem er fötluð að henni líður mjög vel og nýtur sumarsins til hins ítrasta sem hún hefur aldrei gert áður á sinni lífsleið og samt orðin 10 ára gömul.
225. Útivera krakkanna.
226. Útivera, sund, húsdýragarður.
227. Vel staðið að öllu í Melaskóla, Heba er frábær.
228. Verð, skipulag, sumt starfsfólk.
229. Vettvangsferðirnar.
230. Viðfangsefni skemmtileg nóg um að vera sem sést best á því að börnin eru þreytt eftir daginn/vikuna.
231. Viðfangsefnin fjölbreytt.

17. Ef þú ert óánægð/ur með sumarstarfið hvað er það þá helst sem þarf að bæta?

1. Að frístundakort gildir ekki fyrir sumarnámskeið.
2. Að Kastali er lokaður í tvær vikur og barnið þarf að fara annað. Erfitt fyrir barnið að hafa 3 nesti með.
3. Að starfsfólk taki glaðlega á móti krökkunum. Það komi fram í forstofu og taki á móti þeim.
4. Að sumarstarfið í Ævintýralandi fari í sumarfrí í júlí.
5. Að þurfa að senda barnið í tvær vikur í annað frístundarheimili þegar Kastali er lokaður. Mikið mál og erfið yfirsýn fyrir barnið þurfa að hafa þrjú nesti.

6. Aðstaða í skúrum ekki nógu góð.
7. Allt of dýrt miðað við að það er enginn matur.
8. Bæta við fleiri sundferðum.
9. Bæta þarf vefsíðu ÍTR og gera hana notendavænni. Hún er ruglingsleg á köflum og auðvelt að gera villur á henni.
10. Dagskrána og öryggið. Eitt sinn þegar ég kom að sækja strákinn minn var hann farinn.
11. Eftir breytinguna í heilsársfrístund er eins og ekki sé gert ráð fyrir börnum sem ekki hafa þurft að nýta sér frístundaheimilið yfir veturinn. Þetta virðist vera frekar gert út á þau börn sem eru á frístundaheimilunum allan veturinn. Allt starfsfólk þarf að geta skilið börn með hegðunarfrávik, svo að þau séu ekki sett undir sama hatt og önnur.
12. Eitt sem ég vil bara minna á er að vera vakandi yfir hverjir mæta sem eru skráðir. Ég gleymdi að tilkynna að barnið mitt yrði ekki síðasta daginn af einu vikunámskeiðinu og það var ekki hringt um morguninn til að athuga með hana, en ég lét vita af því uppúr 9 (og baðst að sjálsögðu afsökunar á að hafa ekki látið vita), en hún hefði átt að mæta 8 og labbar sjálf þannig að það hefði getað farið svo að hún hafi ekki skilað sér. Ég hefði verið ánægð að hafa verið vakin upp og þannig áréttuð fyrir að láta ekki vita. En nota bene ég er mjög ánægð með starfsfólkið í Tígrisbæ og dóttir mín dýrkar Ingu og Dagnýju ásamt fleirum.
13. Ekki loka öllum stöðum samtímis. Skapar mikið óhagræði fyrir börn úr Árbæ sem ekki hafa kost á að vera í sumarfríi með foreldrum á þessum tíma.
14. Er ekki beint neitt óánægð, en líkar ekki við að hafa OB bensínstöð við hliðina á. Og eins er skólinn líka við hliðina á OB.
15. Er ekki óánægð með starfið. En mér finnst að það megi bæta aðeins upplýsingaflæðið á netinu og hafa þar nákvæma dagskrá hverrar viku þegar að henni er komið, eða senda foreldrum hana í tölvupósti. Mér finnst ekki nóg að barnið taki hana með sér heim. Að öðru leyti eru upplýsingar á netinu góðar.
16. Finnst þetta óþarflega dýrt.
17. Frekar dýrt sérstaklega ef að maður þarf að nota það allt sumarið.
18. Hefði viljað hafa mat í hádeginu.
19. Heitan einfaldan mat í hádeginu stundum alla vega.
20. Húsnæðið er frekar lélegt.
21. Kemur fram í svörum mínum að ofan.
22. Lokun frístundaheimila.
23. Má lækka kostnaðinn eða bjóða upp á meiri mat s.s hádegismat o.þ.h.
24. Mætti bæta að hafa mat í boði, hrikalegt að fá allt nestið óborðað til baka, er ekki lystugt fyrir þau heitt og búið að burðast með þetta greyin.
25. Mætti vera hálf dagsnámskeið.
26. Mætti vera þannig að maður fengi afslátt eftir því sem maður tekur fleiri námskeið.
27. Mér finnst vanta fasta dagskrá fyrir vikuna því mitt barn vill vita hvað það eigi að gera á hverjum degi.
28. Mjög lítið spennandi í boði fyrir krakka á aldrinum 10-14 ára.
29. Óánægð með að bæklingar sem sendir voru heim væru hverfaskiptir. Gerir það flóknara að finna námskeið utan hverfa.
30. Sakna helst meiri fjölbreytni í námskeiðsvali fyrir elstu krakkana, en fyrirkomulagið sem nú er komið á er frábært fyrir þau yngstu.
31. Starfsfólk.
32. Stundum stenst ekki dagskráin og börnin að fara af stað í ferð fyrr en auglýst var, svo mitt barn, sem mætir kl. 9 var nærri búið að missa af ferðinni.
33. Það er virkilega erfitt að senda barnið með nesti fyrir allan daginn. Getur orðið mjög einhæft eftir nokkrar vikur og þungt fyrir barnið að bera.
34. Það sem helst mætti bæta er að leyfa krökkum að takast á við alvöru áskoranir á degi hverjum og starfsmenn að sjálsögðu að taka þátt með þeim.
35. Það þarf að kenna unga fólkinu að hafa samskipti við foreldra og ekki fara í flækju þegar verið er að ræða mál barns við þau.
36. Þarf að vera hægt að svara fleiri möguleikum en einum í spurningu 12 í könnuninni hér að ofan. Ég fékk upplýsingar á fundi, í inblöðungi, á www.itr.is og hjá starfsmönnum. En hef ekki neitt út á að setja starfið hjá Brosbæ. Frábært starf og mjög góð skipulagsbreyting sem var gerð í sumar hjá ÍTR með frístundaheimilin. Haldið áfram á sömu braut.
37. Valkosti.
38. Vantar meira fyrir krakka sem eru ekki íþróttalega sinnuð og eru ekki fyrir boltaleiki. Starfsfólkið veitir þeim börnum meiri athygli.
39. Við misstum af helmingnum af síðasta námskeiðinu því ég átti erfitt með að finna upplýsingar um hvenær það myndi hefjast - dagatal síðunnar sýndi að það væri ekkert í gangi þegar námskeiðið var í gangi.
40. Vildi geta skoðað vikuplanið fyrir námskeiðið.

18. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi sumarfrístund/sumarnámskeið ÍTR?

1. "Far" fyrir töskur barnanna, of þungar til að burðast með allan daginn, nesti, sundföt og regnföt....! :)
2. Ætla svo sannlega að nýta mér svona námskeið næsta sumar, sonur minn var rosalega ánægður, og að geta verið í sínu hverfi og með fólki sem hann þekkir t.d. Árna takk fyrir drenginn minn.
3. Ætti að vera hægt að nota frístundarkortið sem greiðslu.
4. Af hverju er þetta ekki niðurgreitt með frístundakortinu það mundi auðvelda svo mörgum svo margt. Sérstaklega einstæðum foreldrum og þeim sem að hafa ekki mikið á milli handanna.
5. Áfram ÍTR.

6. Algerlega ótækt að bæði sé lokað í Skólaseli, Ártúnsskóla og Töfraseli, Ábæjarskóla síðustu 2 vikur júlí, einnig var lokað hjá Fylki þannig að börn úr Árbæ þurftu að leita langt til að komast á námskeið. Mitt barn vildi heldur vera í Töfraseli sem er ekki hennar skólahverfi, en Skólaseli og tel ég það hafa með stjórnendur að gera.
7. Ánægð með starfið. Valdi Sólbúi á heiður skilið. bæði gagnvart börnunum, starfsfólkinu sínu og okkur foreldrunum. Við erum heppin að hafa hann með börnunum okkar.
8. Bara gangi ykkur vel og endilega hafa spennandi og skemmtilegt starf í vetur !!!!!!!!
9. Bara þetta með OB bensinstöðina.
10. Barnið mitt er ánægt þá er ég ánægð.
11. Barnið mitt var frekar ánægt með að vera þarna í þessar 3 vikur sem það var. Var reyndar alltaf gjörsamlega búið á því og kvartaði einna mest undan endalausum labbi. S.s ekki alltaf tekið til til þess að 6 ára hafa ekki sama úthald og 9 ára.
12. Barninu mínu finnst það ekki vera að fara í sumarfrí þegar það heldur áfram í frístund í skólanum fannst það meira frí að fara í Hólmaseilið (þar sem var sama starfsfólk hvort sem var).
13. Barninu mínu líður mjög vel hjá ÍTR og þá bara líður mér líka vel með það.
14. Börnum ætti að vera frjálst að hafa gsm síma með sér og hafa þá slökkt á honum á meðan á námskeiðinu stendur. Hef lent í því að barnið hefur farið út á leikvöll með öðru barni og var týnt í klukkustund og óhætt er að segja að foreldri stóð alls ekki á sama. Hefði hentað vel að geta athugað með barnið símleiðis.
15. Brúðubíllinn er ekki vænlegur kostur fyrir börn sem eru komin í 2. bekk og uppúr.
16. Drengurinn minn var stundum búinn að vera eftir langa göngutúra miðað við aldur.
17. Ég er búin að nýta mér þessa þjónustu og er ég með tvö börn...bæði voru þau mjög ánægð að fara og alltaf jafn spennant hvað yrði í boði næst.. :)
18. Ég er með 2 börn í Álfheimum, strákur og stelpu. Ég hefði viljað að þau fengju eitthvað að borða í hádeginu. Nestið er nú orðið frekar svona þeytt eftir daginn og mörg þeirra borða ekki eins vel og ef að þau hefðu kost á því að fá eitthvað ferskt að borða í hádeginu.
19. Ég vil bara þakka fyrir gott starf.
20. Er ánægð.
21. Er búin að vera í heilan vetur með son minn hjá Frissa Fríska og var mjög óánægð en um leið og sumarnámskeiðið byrjaði og ég kynntist fólkinu í Denna Dæmalausar snarþeyttist skoðun mín og þar er tekið tillit til raskana hjá barninu mínu. Hef alvarlega íhugað að flytja barnið um skóla til að skipta um frístundarheimili.
22. Er einstæð móðir og væri ágætt að geta meldað barnið í fleiri vikur í einu á námskeið.
23. Er mjög ánægð með að boðið sé upp á sumarleikjánaðmskeið í Breiðagerðisskóla.
24. Finnst þetta bara mjög gott starf og nauðsynlegt fyrir samfélagið. Takk fyrir.
25. Fleiri námskeið fyrir 12-14 ára. Einnig hef ég þá athugasemd hvað sum námskeið eru dýr. T.d. þau hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.
26. Flott starf, barnið mitt ánægt.
27. Frábært að hafa sumarfrístund.
28. Frábært að tengja sundnámskeið við sumarfrístundina hins vegar er engin tenging við fótboltaæfingar hjá KR þannig að barnið missir af æfingum þar þegar hann er í sumarfrístund - það mætti bæta - svo er starfsfólkið í Selinu frábært og því má hrósa, hress og skemmtileg en samt ákveðin og skipulögð.
29. Frábært að þetta sé til staðar fyrir foreldra.
30. Frábært framtak að hafa sumarfrístund.
31. Frábært í alla staði. Starfsfólkið skemmtilegt og með virkilega gott viðhorf til barnanna. Þau eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf. Ég vona svo innilega að sumarstarf í Regnbogalandi verði næsta sumar líka já og bara framvegis. Við erum MJÖG ánægð með starfið og starfsfólkið!
32. Frábært starfsfólk.
33. Frábært starfsfólk.
34. Gefa út betra og skilmerkilegra rit að vori.
35. Glæsilegt framtak sem ég mun halda áfram að nýta mér.
36. Glæsilegt framtak sem vonandi verður áframhald á næstu árin. Óþarfi finnst mér samt að loka í júlí. Það eru ekki allir sem fara í frí í júlí :-)
37. Gott væri að fá sent heim eftir að barn hefur verið skráð á námskeið upplýsingar, t.d. dagskrárnar og dagsetningarnar – nokkurs konar staðfestingu – mér finnst það ekki nóg að barnið mæti fyrsta daginn á námskeiðið og fái þá dagskrá.
38. Gott má alltaf bæta.
39. Hádegismatur væri mjög gott fyrir heildagsstarfsemi.
40. Halda áfram blandaðri dagskrá, útivera, vatnsvíkupema var spennandi, menntun, skemmtun, hreyfing, sköpun.
41. Haldið áfram á sömu braut, takk fyrir okkur.
42. Haldið áfram með gott starf. Það vantar sumarstarf fyrir börnin sem eru að byrja í skóla, flest eru orðin leið á leikskólanum. Sumir foreldrar lenda í vandræðum frá lokun leikskóla og þar til skólinn byrjar.
43. Hefði viljað hafa val um gæslu á völdum dögum fyrir/eftir námskeið - v. vaktavinnu.
44. Helst að það sé of mikið þvælst með börnin, kemur fram í þreytu. Gera frekar eitthvað á staðnum.
45. Helstu vonbrigðin hafa verið þau að það var enginn jafnaldri (8 ára) á þeim þremur námskeiðum sem minn strákur var á.
46. Húsnæði mætti bæta og vera rýmra.
47. Í spurningu 11 er spurt hvort það sé kostur að barnið þurfi ekki að kynnast nýju starfsfólki. Rétt að benda á að þrátt fyrir að eitthvað af vetrarstarfsfólki hafi verið áfram þá kom einnig mikið af nýju starfsfólki.
48. ÍTR var alltof sein að svara um hvort starfsemin myndi vera á boðstólum eða ekki. Hvort, hvað eða hvernig.

49. Já, finnst að ætti að vera boðið upp á kaffitíma og hádegismat.
50. Já, mér finnst alveg vanta að þau geti hitað mat í hádeginu oftast en 1x í viku, við fullorðna fólkið myndum ekki vera kát með 3 falt nesti 5 daga vikunnar sem liggur í nestisboxinu allan daginn, nauðsynlegt að bjóða uppá að þau setji boxin í kæli a.m.k. þá daga sem ekki er farið í burtu þarf bara að koma á góðu skipulagi þannig að ekkert gleymist eða frístundaheimilið með kælitöskur til að fara með í bæinn.
51. Kærar þakkir.
52. Kærar þakkir haldið þessu áfram næsta sumar.
53. Lýsa ánægju minni. Það kom mér skemmtilega á óvart hversu fjölbreytt dagsskráin er og starfsfólkið ólutt við að gera eitthvað skemmtilegt með börnunum. Takk fyrir það.)
54. Mætti bæta inn í námskeiðin einhverskonar skordýraþema. Skoða pöddur og flugur - fræða börnin um leið. Sonur minn er MJÖG áhugasamur um skordýr og þetta væri a.m.k. mikill fengur fyrir hann.
55. Mætti lækka kostnað ef fleiri en t.d 2 vikur verða teknar.. alls ekki dýrt ef þú þarft aðeins á einni kannski tveim vikum að halda en ef þú þarft að senda hann á leikjanámskeið í 8 vikur af sumrinu mætti lækka kostnaðinn.
56. Mætti leita leiða til að tengja starfið meira inn á námskeið með ófötludum.
57. Mætti vera boðið upp á alla vegna hádegismat fyrir börnin og þá borga bara aðeins meira fyrir það.
58. Mætti vera boðið uppá hressingu eða 1 nesti. Væri til í að borga fyrir það.
59. Mætti vera opið allt sumarið.
60. Mætti vera opið í Kastala allt sumarið ;o)
61. Mættu vera ávextir í boði e.h. og hækka þá verð námskeiða frekar aðeins.
62. Mér fannst einna erfiðast að skrá barnið í gegnum rafræna Reykjavík. Mér fannst mjög erfitt að finna út úr því. Ég gat ekki skráð á fleiri en eitt námskeið í einu því ef ég reyndi að flýta fyrir mér og skrá á fleiri en eitt námskeið í einu þá lenti skráningin í röngu frístundaheimili og ég var heillengi að ná að breyta því aftur. Það sem sagt mætti gera skráningarformið einfaldara.
63. Mér finnst að það mætti nota frístundakortið.
64. Mér finnst allt of löng leið sem þarf að fara til að skrá barn á námskeið.
65. Mér finnst leiðinlegt hversu mikið barnið mitt er útundan og getur ekki talað við starfsfólk um það, mér finnst eins og það sé ekki nógu vel tekið á þeim málum. Spurning hvort starfsfólk sé of ungt eða ekki nógu meðvitað um að fylgjast betur með. Fyrir utan þetta er allt í góðu.
66. Mér finnst þetta starf ágætt en í raun væri eðlilegra að þetta væri hluti af skólastarfinu, n.k. heilsdagsskóli og sumarstarf einnig.
67. Mér sem foreldri er ekki kunnugt um það að ungir leiðbeinendur sem starfa hjá ÍTR hafi farið t.d. á skyndihjálparnámskeið..myndi gjarnan vilja vita það.
68. Mjög ánægð með að barnið mitt skuli hafa stað til að vera á þegar við foreldrarinn þurfum að vinna. Frábært.
69. Mjög ánægð með Denna dæmalausa. Dagskrá frábær og mikil upplifun að fara með börnin útaf skólasvæði og um borgina.
70. Mjög ánægð með starfsfólk í Vogaseli.
71. Mjög gott framtak, takk fyrir!
72. Myndi vilja hafa það valkost (eða fast) að það væri einhver matur innifalinn í verðinu (mætti þá vera herra verð), finnst soldið mikið að útbúa þrjú nesti.
73. Gott ef t.d. hádegismatur væri innifalinn.
74. Neðstaland frístundaheimili, þarf nauðsynlega endurbætur bæði að utan sem innan.
75. Nei.
76. Nei.
77. Nei.
78. Nei.
79. Nei.
80. Nei.
81. Öryggi mætti vera betra almennt á frístundarheimilinu.
82. Sakna þess að hafa ekki góðan bækling varðandi allt sumarstarf sem er í boði í einum bæklingi.
83. Sjá svar í sp.16. Mér fannst einna helst að börnunum mínum fyndist þau vera einum of mikið á flakki þegar þau eru allan daginn og alla vikuna. Það mætti kannski skipta þessu aðeins, vera ekki alltaf á ferðinni.
84. Sniðugt að bæta íþrótt inn í (eða listgrein), svo sem sundi eða slíku. Erfitt að þurfa að fara út fyrir hverfi til þess að fá slíkt.
85. Starfsfólkið á hrós skilið.
86. Takk fyrir að gæta dóttur okkar. ÍTR -starf er vanmetið en við vitum hversu mikilvægur þessi tími er fyrir barnið okkar og við erum mjög ánægð með að metnaðarfull dagskrá er gerð á frístundaheimilinu fyrir barnið okkar. Takk fyrir okkur.
87. Takk fyrir börnin mín (tvær stelpur).
88. Takk fyrir gott starf.
89. Takk fyrir mína.
90. Takk fyrir okkur.
91. Það er flott að fylgjast með þróuninni hjá ykkur, fá kannanir, að hlustað sé á þarfir og skoðanir foreldra. Mikið væri gott ef skólinn hefði sama viðmót og ÍTR.
92. Það má vera starfsmaður í því að taka á móti börnunum á morgnana. Það veitir öryggiskennd.
93. Það mætti vera boðið uppá létt snarl, eða eina máltíð á dag. T.d. morgunmat. Cheerios og ávextir þurfa ekki að kosta mikið ef samið er rétt við birgja og hægt er að fá ferska vöru á hverjum degi.
94. Það mætti vera nesti innifalið.
95. Það væri frábært ef möguleiki væri á að bjóða upp á dans-, söng- eða fimleikanámskeið o.s.frv. samhliða sumarstarfi. Það var mjög gott að geta nýtt sundnámskeið í gegnum þjónustu Selsins. takk, takk.

96. Það var ekki sama starfsfólk og yfir veturinn eins og fram kemur í könnuninni.
97. Þakklæti.
98. Þakklæti fyrir flotta skipulagningu og jákvætt viðmót.
99. Þarf að koma fram á síðu að skráning sé bara til 14:00 á föstudögum. Þarf að koma fram t.d. hvar Töfrasel er - fyrir þá sem þekkja það ekki. Ég þurfti að "googla það" til þess að finna út úr því.
100. Þarna eru þið með frábært starfsfólk allavega það fólk sem annast dóttir mína. Takk fyrir mig.
101. Tiltölulega þægilegt fyrirkomulag þar sem barnið er í sama umhverfi, með nánast sama starfsfólki og áður. Ágætis fjölbreytni í dagskránni.
102. Tímabundið vandamál hjá Laugaseli: Var mikið af járnörum, bárujárn og drasli beint fyrir framan innganginn á smíðahúsinu á lóðinni. Þetta hefði getað valdið óþarfa slysi /óhappi en ég veit að þetta var fjarlægst eins fljótt og hægt var. Umhverfi slíks starfs er auðvitað mjög mikilvægt fyrir öryggi barnanna og tel ég að í flestum tilvikum sé umhverfið viðunandi.
103. Umsókn á netinu er allt of flókinn fyrir venjulegt fólk það eru allir samála því sem ég hef talað við.
104. Væri mjög gott ef hægt væri að velja hálfan daginn. Einnig vantar námskeið síðustu vikuna áður en skólinn byrjar. Gott væri líka að fá plan fyrir hverja viku strax í byrjun (á vefsíðu) en ekki í byrjun hverrar viku. Frábært ef að hægt væri að plana hverja viku í byrjun sumars og hafa aðgengilegt planið.
105. Væri óskandi að þetta héldi áfram og börnunum yrði boðið upp á mat í hádeginu.
106. Vefurinn með námskeiðsupplýsingum var sjálfur ágætur en mér finnst að þegar að nær dregur sumri þá eigi linkur inn á hann að vera meira áberandi á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Mér finnst líka stóri bæklingurinn sem áður var sendur út til allra mun betri en litli sem er stílaður á hverfin. Það er líka ekkert sjálfgefið að börnin sækji allt í hverfinu. Jafnframt fannst mér krakkarnir bera meiri virðingu fyrir stóra bæklingnum.
107. Vel gert, endilega haldið því áfram.
108. Við erum mjög ánægð með þetta fyrirkomulag. Takk fyrir sumarið.
109. Vildi sjá myndir koma inn á síðuna jafn óðum svo hægt sé að sjá hvað krakkarnir eru að gera yfir daginn. Gefur manni skemmtilegan umræðugrundvöll við börnin sín.
110. Vinna að betra samkomulagi við skólana svo hægt sé að nýta sér skólahúsnæðið!! Þar er margt frábært sem má nýta miklu miklu betur.
111. Virkja starfsfólk í samskiptum við foreldra og að þau séu sýnilegri foreldrum.
112. Virtist vanta "yfirmann" á síðasta námskeið Ævintýralands, þ.e. síðasta námskeiðið í júní? Ingunn var á fyrstu, síðan Símon, en hlutirnir virðast vera meira í lausu lofti þessa síðustu viku og börnin meira útum allt...? Kannski veit ég ekki betur, hef ekki spurt hver stjórni....en starfsfólk samt allt mjög fínt og ekki yfir neinu að kvarta. Vona að áframhald verði á sumarfrístund.
113. Vonandi er þetta komið til að vera næstu árin.
114. Vonandi er þetta komið til að vera:).